



MIÐSTÖÐ  
SKÓLAPRÓUNAR



Jafnréttisstofa

# Jafnrétti *í skólastarfi*

Vorráðstefna Miðstöðvar skólapróunar HA og Jafnréttisstofu haldin 1. apríl 2017



Háskólinn  
á Akureyri

# Efnisyfirlit

<b>DAGSKRÁ</b> .....	<b>3</b>
<b>MÁLSTOFUYFIRLIT</b> .....	<b>6</b>
<b>AÐALERINDI</b> .....	<b>7</b>
<i>Þekking, áhugi og viðhorf til kynjajafnréttis: Ákall kennaranema og skólastjórnenda um aukna fræðslu?</i> .....	<b>7</b>
<i>Hvers vegna kynjafræði? Raddir framhaldsskólanemenda</i> .....	<b>8</b>
<i>Aðalnámskrá grunnskóla 2011 og kynjafræði í íslenskum skólum: Áskoranir og tækifæri</i> .....	<b>9</b>
<b>ÁGRIP AF MÁLSTOFUERINDUM</b> .....	<b>10</b>
<b>Málstofa 1 - stofa L101</b> .....	<b>10</b>
„...en ég er búinn að heyra að það sé sannað að stelpur séu betri að lesa en strákar“ Kynjamunur, læsi og orðræðan .....	10
<b>Málstofa 1 – L103</b> .....	<b>10</b>
Skólalíkan sem stuðlar að jafnrétti til náms. Einkenni skólastarfs Menntaskólans á Tröllaskaga í ljósi kenninga Bernsteins .....	10
<b>Málstofa 1 – stofa L201</b> .....	<b>11</b>
Sérþarfir í fatnaði - réttur hvers og eins .....	11
<b>Málstofa 1 – stofa L203</b> .....	<b>11</b>
Jafnrétti í félagslífi - hlutverk jafnréttisfulltrúans .....	11
<b>Málstofa 1 – stofa M201</b> .....	<b>11</b>
Gerum þetta saman – Starf samráðsvettvangs jafnréttisfulltrúa íslenskra háskóla .....	11
<b>Málstofa 1 – stofa M202</b> .....	<b>12</b>
Þekking og útfærsla starfandi kennara á stefnu um skóla án aðgreiningar í kennslu .....	12
<b>Málstofa 1 – stofa M203</b> .....	<b>12</b>
Karlar í leikskólanum. Eru þeir núna fleiri? .....	12
<b>Málstofa 1 – stofa N102</b> .....	<b>13</b>
„Og svo var ég með kennara sem greip aldrei inn í, svo ég upplifði mig alveg rosalega eina á báti“: Sálrænar afleiðingar af margþættri mismunun fyrir fatlaðar konur á Íslandi .....	13
<b>Málstofa 2 – stofa L101</b> .....	<b>13</b>
Raddir nemenda og samræðuaðferðir Smiðja.....	13
<b>Málstofa 2 – stofa L103</b> .....	<b>14</b>
Tækifæri og áskoranir til að auka kynjajafnrétti Smiðja .....	14
<b>Málstofa 2 – L201</b> .....	<b>14</b>

Velferð og jafnrétti í íslenskum grunnskólum er á heimsælikvarða .....	14
<b>Málstofa 2 – stofa L203.....</b>	<b>15</b>
Sjálfsmatskvarði um jafnrétti í framhaldsskólum .....	15
Málstofa 2 – stofa M201 .....	15
Jafnréttisdagur Garðaskóla.....	15
<b>Málstofa 2 Skóli án aðgreiningar - stofa M202 Smiðja .....</b>	<b>15</b>
„...hver ákvað það að strákur þýðir bara strákur en ekki til dæmis bara hurðarhúnn...“ Leikur barna sem mikilvægur þáttur í jafnréttismenntun og samskiptafærni .....	15
Skóli fyrir alla, hér heima og í öðrum löndum .....	16
Jafnrétti til náms í skóla án aðgreiningar? Rannsóknarhugmyndir/áætlun.....	16
<b>Málstofa 2 – stofa M203.....</b>	<b>17</b>
Karlar í kennslu yngri barna - átaksverkefni .....	17
<b>Málstofa 2. – stofa N102.....</b>	<b>17</b>
Hvernig birtast grunnþættirnir jafnrétti, lýðræði og mannréttindi í aðalnámskrá framhaldsskóla, þ.e. í opinberri orðræðu uppeldis og kennslu .....	17
<b>Málstofa 3 – stofa L201.....</b>	<b>18</b>
Kynjamunur meðal nemenda sem fluttu sig milli svæða við innritun í framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu haustið 2006 .....	18
<b>Málstofa 3 – stofa L203.....</b>	<b>18</b>
Jafnréttisteymi nemenda í framhaldsskóla .....	18
<b>Málstofa 3 – stofa M201.....</b>	<b>19</b>
Fræðsla um kynhneigð, kynvitund og kyneinkenni í grunnskólum Hafnarfjarðar .....	19
<b>Málstofa 3 – stofa M203.....</b>	<b>19</b>
Jafnrétti í Hjallastefnuskólalastarfi .....	19
<b>Málstofa 3 – stofa N102.....</b>	<b>20</b>
Er hægt að bjóða kynjakerfinu birginn? .....	20

# Dagskrá

- 09.30 –10.00 Skráning og afhending gagna - molakaffi
- 10.00 –10.15 Setning  
Dr. Eyjólfur Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri
- 10.20 –11.00 ***Þekking, áhugi og viðhorf til kynjajafnréttis: Ákall kennaranema og skólastjórnenda um aukna fræðslu?***  
Dr. Guðný Guðbjörnsdóttir, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands
- 11.10–11.40 **Málstofa 1**
- L101 **„...en ég er búinn að heyra að það sé sannað að stelpur séu betri að lesa en strákar“:**  
**Kynjamunur, læsi og orðræðan**  
Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir, sérfræðingur við Miðstöð skólaþróunar Háskólans Akureyri
- L103 **Skólalíkan sem stuðlar að jafnrétti til náms. Einkenni skólastarfs Menntaskólans á Tröllaskaga í ljósi kenninga Bernsteins**  
Puríður Jóhannsdóttir, dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands
- L201 **Sérþarfir í fatnaði - réttur hvers og eins**  
Ásdís Jóelsdóttir, lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands
- L203 **Jafnrétti í félagslífi - hlutverk jafnréttisfulltrúans**  
Freyja Rós Haraldsdóttir, kennari og jafnréttisfulltrúi í Menntaskólanum að Laugarvatni
- M201 **Gerum þetta saman – Starf samráðsvettvangs jafnréttisfulltrúa íslenskra háskóla**  
Laufey Haraldsdóttir, Rósa Margrét Húnadóttir, Arnar Gíslason og Sara Stef.Hildardóttir, jafnréttisfulltrúar
- M202 **Þekking og útfærsla starfandi kennara á stefnu um skóla án aðgreiningar í kennslu**  
Andrea Diljá Ólafsdóttir, nemi við Háskólann á Akureyri, og Birna María B. Svanbjörnsdóttir, lektor við kennaradeild Háskólans á Akureyri
- M203 **Karlar í leikskólanum. Eru þeir núna fleiri?**  
Anna Elísa Hreiðarsdóttir, lektor við kennaradeild Háskólans á Akureyri
- N102 **„Og svo var ég með kennara sem greip aldrei inn í, svo ég upplifði mig alveg rosalega eina á báti“: Sálrænar afleiðingar af margþættri mismunun fyrir fatlaðar konur á Íslandi**  
Freyja Haraldsdóttir, sérfræðingur hjá Tabú
- 11.45–12.25 Matarhlé
- 12.30–13.10 ***Hvers vegna kynjafræði? Raddir framhaldsskólanemenda***  
Arnaldur Skorri Jónsson, Hrannar Þ. Rósarson, Íris Hrönn Garðarsdóttir og Laufey Ipsita Stefánsdóttir, nemendur við Verkmenntaskólann á Akureyri

- 13.15–13.45 **Málstofa 2** (erindi og smiðjur)
- L101 **Raddir nemenda og samræðuaðferðir** (smiðja 13.15–14.25)  
Sólveig Zophoníasdóttir, sérfræðingur við Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri
- L103 **Tækifæri og áskoranir til að auka kynjajafnrétti** (smiðja 13.15–14.25)  
Bergljót Þrastardóttir, sérfræðingur við Jafnréttisstofu, Arnfríður Aðalsteinsdóttir, sérfræðingur við Jafnréttisstofu, og Jón Birkir Bergþórsson, verkefnastjóri Jafnréttisstofu og nemandi við HA í kennslufræðum
- L201 **Velferð og jafnrétti í íslenskum grunnskólum er á heimsmælikvarða**  
Almar Miðvík Halldórsson, sérfræðingur við Menntamálastofnun
- L203 **Sjálfsmatskvarði um jafnrétti í framhaldsskólum**  
Jóna Svandís Þorvaldsdóttir, Vibeke Svala Kristinsdóttir og Björk Ingadóttir, kennarar við Framhaldsskólann í Mosfellsbæ
- M201 **Jafnréttisdagur Garðaskóla**  
Kristján Hrafn Guðmundsson, kennari við Garðaskóla
- M202 **Skóli án aðgreiningar** (smiðja 13.15–14.25)  
**“...hver ákvað það að strákur þýðir bara strákur en ekki til dæmis bara hurðarhúnn...”:**  
**Leikur barna sem mikilvægur þáttur í jafnréttismenntun og samskiptafærni**  
Jórunn Elíadóttir, dósent við Kennaradeild Háskólans á Akureyri  
**Skóli fyrir alla, hér heima og í öðrum löndum**  
Jenný Gunnbjörnsdóttir, aðjúnkt við kennaradeild Háskólans á Akureyri, og Kristín Jóhannesdóttir, skólastjóri Oddeyrarskóla  
**Jafnrétti til náms í skóla án aðgreiningar? Rannsóknarhugmyndir/áætlun**  
Birna María B. Svanbjörnsdóttir, lektor við kennaradeild Háskólans á Akureyri
- M203 **Karlar í kennslu yngri barna - átaksverkefni**  
Arna H. Jónsdóttir, lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands
- N102 **Hvernig birtast grunnþættirnir jafnrétti, lýðræði og mannréttindi í aðalnámskrá framhaldsskóla, þ.e. í opinberri orðræðu uppeldis og kennslu**  
Hildigunnur Gunnarsdóttir, kennari við Kvennaskólann í Reykjavík, og Puríður Jóhannsdóttir, dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands
- 13.55–14.25 **Málstofa 3** (erindi og framhald smiðja)
- L201 **Kynjamunur meðal nemenda sem fluttu sig milli svæða við innritun í framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu haustið 2006**  
Þorlákur Axel Jónsson, aðjúnkt við kennaradeild Háskólans á Akureyri
- L203 **Jafnréttisteymi nemenda í framhaldsskóla**  
Þórður Kristinsson, kennari og jafnréttisfulltrúi við Kvennaskólann í Reykjavík

- M201 **Fræðsla um kynhneigð, kynvitund og kyneinkenni í grunnskólum Hafnarfjarðar**  
Sólveig Rós, fræðslustýra Samtakanna '78
- M203 **Jafnrétti í Hjallastefnuskólastarfi**  
María Ösp Ómarsdóttir, Gróa Margrét Finnsdóttir, Erna Káradóttir og Hulda Björk Stefánsdóttir, stjórnendur í leikskólum Hjallastefnunnar
- N102 **Er hægt að bjóða kynjakerfinu birginn?**  
Katrín Björg Ríkarðsdóttir, sagn- og menntunarfræðingur
- 14.30–14.50 Kaffihlé
- 14.50–15.30 **Aðalnámskrá grunnskóla 2011 og kynjafræði í íslenskum skólum:  
Áskoranir og tækifæri**  
Dr. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands
- 15.30–15.45 Ráðstefnuslit  
Laufey Petrea Magnúsdóttir, forstöðumaður Miðstöðvar skólaþróunar Háskólans á Akureyri
- Stofa M102** – vídeóstofan verður opin á milli aðalerinda  
**Fögnum fjölbreytileikanum**  
Jón Birkir Bergþórsson, verkefnastjóri Jafnréttisstofu tók myndböndin saman
- Ráðstefnunetið**  
heitir „guests“ og krefst ekki auðkenningar  
Einnig er opið net sem heitir HA og krefst Facebook auðkenningar
- Myllumerki (#) ráðstefnunnar er:  
**jafnrettivor17**

# Málstofufyrirlit

Málstofulota 1 kl. 11.10–11.40 (miðað er við 30 mínútur á hvert erindi)							
L101	L103	L201	L203	M201	M202	M203	N102
<p>„...en ég er búinn að heyra að það sé sannað að stelpur séu betri að lesa en strákar“</p> <p>Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir</p>	<p>Skólalíkan sem stuðlar að jafnrétti til náms. Einkenni skólastarfs Menntaskólans á Tröllaskaga í ljósi kenninga Bernsteins</p> <p>Þuríður Jóhannsdóttir</p>	<p>Sérparfir í fatnaði- réttur hvers og eins</p> <p>Ásdís Jóelsdóttir</p>	<p>Jafnrétti í félagslífi – hlutverk jafnréttisfulltrúans</p> <p>Freyja Rós Haraldsdóttir</p>	<p>Gerum þetta saman- Starf samráðsvefvangs jafnréttisfulltrúa íslenskra háskóla</p> <p>Laufey Haraldsdóttir, Rósa Margrét Húnadóttir, Amar Gíslason og Sara Stef. Hildar.</p>	<p>Þekking og útfærsla starfandi kennara á stefnu um skóla án aðgreiningar í kennslu</p> <p>Andrea Dilljá Ólafsdóttir og Birna M. Svanbjörnsdóttir</p>	<p>Karlar í leikskólanum. Eru þeir núna fleiri?</p> <p>Anna Elísa Hreiðarsdóttir</p>	<p>„Og svo var ég með kennara sem greip aldrei inn í, svo ég upplifði mig alveg rosalega eina á báti“. Sálrænar afleiðingar af margþættri mismunun fyrir fatlaðar konur á Íslandi</p> <p>Freyja Haraldsdóttir</p>
Málstofulota 2 kl. 13.15–13.45 (miðað er við 30 mínútur á hvert erindi og 60 mínútur á smiðu)							
<p>Raddir nemenda og samræðuáferðir</p> <p>Sólveig Zophoníasdóttir (smiða)</p>	<p>Tækifæri og áskoranir til að auka kynjajafnrétti</p> <p>Bergljót Þrastardóttir, Arnfríður Aðalsteinsdóttir og Jón Birkir Bergþórsson (smiða)</p>	<p>Velferð og jafnrétti í íslenskum grunnskólum er á heimsmælikvarða</p> <p>Almar Miðvík Halldórsson</p>	<p>Sjálfsmatskvarði um jafnrétti í framhaldsskólum</p> <p>Jóna Svandís Þorvaldsdóttir, Vibeke Svala Kristinsdóttir og Björk Ingadóttir</p>	<p>Jafnréttisdagur Garðaskóla</p> <p>Kristján Hrafn Guðmundsson</p>	<p>Skóli án aðgreiningar</p> <p>Jafnrétti til náms í skóla án aðgreiningar? Rannsóknarhugmyndir /áætlun</p> <p>Birna M. Svanbjörnsdóttir</p> <p>„...hver ákvað það að strákur þýðir bara strákur en ekki til dæmis hurðarhúnn“ Yngstu börnin og leikurinn</p> <p>Jórunn Elíadóttir (smiða)</p>	<p>Karlar í kennslu yngri barna- átaksverkefni</p> <p>Anna H. Jónsdóttir og Anna Elísa Hreiðarsdóttir</p>	<p>Hvernig birtast grunnþættirnir jafnrétti, lýðræði og mannréttindi í aðalnámskrá framhaldsskóla, þ.e. í opinberri orðræðu uppeldis- og kennslu</p> <p>Hildigunnur Gunnarsdóttir og Þuríður Jóhannsdóttir</p>
Málstofulota 3 kl. 13.55–14.25 (30 mínútur á erindi og framhald smiða)							
<p>(smiða frh.)</p>	<p>(smiða frh.)</p>	<p>Kynjamunur meðal nemenda sem fluttu sig milli svæða við innritun í framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu haustið 2006</p> <p>Þorlákur Axel Jónsson</p>	<p>Jafnréttisteymi nemenda í framhaldsskóla</p> <p>Þórður Kristinsson</p>	<p>Fræðsla um kynhneigð, kynvitund og kyneinkenni í grunnskólum Hafnarfjarðar</p> <p>Sólveig Rós</p>	<p>Skóli fyrir alla, hér heima og í öðrum löndum</p> <p>Jenný Gunnbjörnsdóttir og Kristín Jóhannesdóttir (smiða frh.)</p>	<p>Jafnrétti í Hjallastefnuskólastarfi</p> <p>María Ösp Ómarsdóttir, Gróa Margrét Finnsdóttir, Ema Káradóttir og Hulda Björk Stefánsdóttir</p>	<p>Er hægt að bjóða kynjakerfinu birginn?</p> <p>Katrín Björg Ríkarðsdóttir</p>

## Aðalerindi

### ***Þekking, áhugi og viðhorf til kynjajafnréttis: Ákall kennaranema og skólastjórnenda um aukna fræðslu?***

Dr. Guðný Guðbjörnsdóttir, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands  
(gg@hi.is)

Í erindinu greini ég stuttlega frá áratuga aðkomu minni að þessu viðfangsefni en aðallega frá nýlegum rannsóknum okkar hjá RannKyn á jafnréttisfræðslu á Menntavísindasviði HÍ, og á þekkingu, áhuga og viðhorfum stjórnenda í leik-, grunn-, og framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu. Niðurstöður benda til að þekking á kynjafræðilegum grunnhugtökum mætti vera betri og viðhorf upplýstari hjá stórum hópi. Þá kom fram mikill áhugi eða ákall kennaranema og skólastjórnenda um aukna kynjajafnréttisfræðslu einkum til að breyta staðalmyndum kynjanna og til að bregðast við kvörtunum ungs fólks um kynferðislega áreitni m.a. á samfélagsmiðlum. Hvað segja dræmar undirtektir við könnunina um viðhorf og áhuga stjórnenda?



**Guðný S. Guðbjörnsdóttir** er prófessor við uppeldis- og menntunarfræðideild Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Hún er menntuð í uppeldisfræði og sálfræði í Bandaríkjunum (B.A.) og Englandi (MSc. og Ph.D). Rannsóknir hennar og kennsla hafa einkum beinst að menntun, jafnrétti og kynferði; kynjafræðilegri sýn á stjórnun og forystu; menntun, miðlum og menningarlausni og að vitrænum þroska barna og ungmenna. Hún var ein af stofnendum Rannsóknarstofu í kvennafræðum árið 1991 og Rannkyn, rannsóknarstofu um jafnrétti, kyngervi og menntun árið 2010.



## **Hvers vegna kynjafræði? Raddir framhaldsskólanemenda**

Nemendur við Verkmenntaskólann á Akureyri

Arnaldur Skorri Jónsson, Hrannar Þ. Rósarson, Íris Hrönn Garðarsdóttir og Laufey Ipsita Stefánsdóttir eiga það öll sameiginlegt að hafa tekið kynjafræði sem valáfanga í námi sínu við Verkmenntaskólann á Akureyri. Það eru raddir þeirra sem við fáum að heyra.

Kynjafræði hefur verið kennd sem valfag við Verkmenntaskólann á Akureyri frá árinu 2013. Á þessum árum hafa 180 nemendur setið áfangann. En hvers vegna kynjafræði? Hefur það eitthvað upp á sig fyrir ungt fólk að taka kynjafræði í sínu námi?

Í erindinu munum við, nemendur úr Verkmenntaskólanum á Akureyri, fjalla í stuttu máli um okkar upplifun og reynslu af því að hafa tekið kynjafræðiáfangann í okkar námi. Við munum kynna áfangann og segja frá því hvernig við tengdum hann áhugamálum okkar og daglegu lífi. Einnig leitum við svara við spurningunni hvers vegna kynjafræði og hvort kynjafræði skipti máli í lífi ungs fólks.



Á myndinni eru Íris Hrönn, Laufey Ipsita og Arnaldur Skorri. Hrannar Þ. Rósarson vantar á myndina.

Snorri Björnsson kennari við Verkmenntaskólann á Akureyri hefur ásamt Jafnréttisstofu verið nemendum innan handar með erindið.

## **Aðalnámskrá grunnskóla 2011 og kynjafræði í íslenskum skólum: Áskoranir og tækifæri**

Dr. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands  
(ingo@hi.is)

Í erindinu er fjallað um stöðu jafnréttisfræðslu og kynjafræðikennslu. Greint verður inntak aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla frá 2011 og beint sjónum að því hvernig hugtök kynjafræða og hinseginfræða eru útfærð í sérhlutum námskrárinnar fyrir einstök skólastig, í völdu námsefni og við kynjafræðikennslu í framhaldsskólum. Að lokum verður rökrætt hvort og hvernig stofnanir skólakerfisins, það er skólarnir, séu líklegar til að taka ábyrgð á því lögbundna verkefni sem jafnréttisfræðslan er.



**Ingólfur Ásgeir Jóhannesson** er prófessor við Kennaradeild Háskóla Íslands. Ingólfur er með BA- og cand.mag.-próf í sagnfræði, auk prófs til kennsluréttinda í grunn- og framhaldsskólum, allt frá Háskóla Íslands. Doktorspróf hans er frá Wisconsinháskóla í Madison. Ingólfur starfaði um rúmlega 15 ára skeið við kennaradeild Háskólans á Akureyri. Menntarannsóknir hans hafa beinst að menntastefnu, námskrá, fagmennsku og kynjafræðilegum viðfangsefnum skólastarfs. Ingólfur er um þessar mundir aðili að norrænu öndvegissetri um réttlæti í menntun, sem NordForsk styrkir.

## Ágrip af málstofuerindum

Í fyrstu málstofulotunni er hver málstofa með 30 mínútna erindi. Í síðustu tveimur 60 mínútna málstofulotunum sem eru ýmist smiðjur sem samanstanda af erindi og umræðum þátttakenda eða tveimur óháðum erindum, 30 mínútur hvort fyrir sig.

### Málstofa 1 - stofa L101

#### **„...en ég er búinn að heyra að það sé sannað að stelpur séu betri að lesa en strákar“ Kynjamunur, læsi og orðræðan**

Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir, sérfræðingur við Miðstöð skólaþróunar við HA ([ragnheidurlilja@unak.is](mailto:ragnheidurlilja@unak.is))

Í gildandi menntastefnu hér á landi, sem kynnt er í aðalnámskrá grunnskóla, er jafnrétti sett fram sem einn af grunnþáttum menntunar. Kynjafræði er jafnframt sögð mikilvæg í skólastarfi til að efla meðvitund nemenda gagnvart stöðu kynjanna í samfélaginu og lögð er áhersla á að komið sé til móts við þarfir beggja kynja í öllum viðfangsefnum sem unnið er með í skólanum. Í málstofunni verða reifaðar niðurstöður rannsóknar sem hafði m.a. það markmið að kanna hvernig lestraráhugi íslenskra unglingsdregntja þróast á skólagöngunni. Í því samhengi var litið til ýmissa áhrifaþátta í skólastarfi og meðal annars kynjafræðilegra sjónarmiða. Tekin voru viðtöl bæði við unglingspíla og kennara og í niðurstöðunum kemur fram að bæði nemendur og kennarar telja nokkur mun vera á áhuga kynjanna á lestri. Jafnframt voru stúlkur taldar vera vinnusamari almennt í námi, duglegri, þægari, rólegri og hlýðnari en drengir. Niðurstöðurnar sýna jafnframt drengirnir töldu eðlilegt að stúlkur væri betri að lesa en drengir. Fjallað verður um niðurstöðurnar í ljósi orðræðu í samfélaginu og í ljósi þeirra námsaðstæðna sem rannsóknir sýna að eru ríkjandi í skólum landsins.

### Málstofa 1 – L103

#### **Skólalíkan sem stuðlar að jafnrétti til náms. Einkenni skólastarfs Menntaskólans á Tröllaskaga í ljósi kenninga Bernsteins**

Puríður Jóhannsdóttir, dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands ([thuridur@hi.is](mailto:thuridur@hi.is))

Í erindinu verður sagt frá rannsókn á starfsháttum Menntaskólans á Tröllaskaga, gerð grein fyrir einkennum þess líkans sem skólinn hefur þróað og hvernig það styður við nám nemenda og velgengni þeirra. Áhersla er lögð á að skoða hvernig ný aðalnámskrá gerði kleift að hanna öðruvísi skóla. Kenningum Basil Bernsteins, sem þróaðar voru til að varpa ljósi á hvernig skólakerfið mismunar nemendum út frá stéttarstöðu, er beitt til að greina orðræðuna um uppeldi og kennslu í aðalnámskrá og síðan hvernig sú orðræða er staðfærð í skólanámskrá og útfærð í skólastarfinu. Morais og Neves (2011) hafa þróað líkan blandaðra kennsluhátta sem byggir bæði á kennslufræði hefðbundna skólans og opna, nemendamiðaða skólans og hafa með rannsóknnum sýnt hvernig stuðla má að árangri allra nemenda óháð stéttabakgrunni. Niðurstöður benda til að áhersla á hæfni og valdeflingu nemenda í aðalnámskránni og sjálfstæði skóla við setningu þekkingarmarkmiða hafi stutt þróun skólalíkans sem leggur áherslu á frumkvæði nemenda og mikið valfrelsi þar sem sköpun, listmenntun og tengsl við umhverfi, bæði náttúru, menningu og samfélag eru í fyrirrúmi. Stífl umgjörð um tiltekna þætti í skipulagi skólastarfsins og námsmat þar sem allir áfangar fylgja sömu reglum styðja nemendur í að átta sig á reglunum og athafna sig í samræmi við það sem til er ætlast af þeim til að halda áætlun og ná árangri.

## Málstofa 1 – stofa L201

### Sérþarfir í fatnaði - réttur hvers og eins

Ásdís Jóelsdóttir, lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands ([aoj@hi.is](mailto:aoj@hi.is))

Sérþarfir í fatnaði snúast um frávík frá því sem vanalega flokkast undir venjulegt vaxtarlag í fjöldaframleiddum fatnaði í verksmiðjum sem síðan er seldur í hefðbundnum fataverslunum. En hverjir eru þessir venjulegu sem standast kröfur um meðaltal í vaxtarlagi og hvað með alla hina? Snið af fatnaði eru unnin samkvæmt ákveðnum stöðlum þar sem margir einstaklingar eru mældir sem taldir eru falla undir ákveðið vaxtarlag og hæð innan hvers stærðarflokks. Eftir það er fundið út meðaltal þeirra þátta sem hafa flest frávík, eins og mjaðma-, mittis- og yfirvidd. Í verkefninu var ekki verið að velta fyrir sér minniháttar frávíkum heldur frekar þeim sem snúa að fötlun af ýmsu tagi eða meiriháttar frávíkum í vaxtarlagi. Unnin var rannsóknar- og hugmyndavinna og síðan hönnuð og saumuð flík á einstakling. Í erindinu er fjallað um þær árangursríku leiðir í kennslu og nálgun sem höfundur valdi að nota í vinnu með nemunum. Auk þess er fjallað um hugmyndir og verk nemanna og hvaða reynsla og sýn stóð eftir hjá þeim eftir verkefnavinnuna.

## Málstofa 1 – stofa L203

### Jafnrétti í félagslífi - hlutverk jafnréttisfulltrúans

Freyja Rós Haraldsdóttir, kennari og jafnréttisfulltrúi í Menntaskólanum að Laugarvatni ([frejja@ml.is](mailto:frejja@ml.is))

Þörf er á því að líta á skólasamfélagið sem heild og vinna að jafnrétti á öllum sviðum, líka í félagslífinu, sem er stór þáttur í menningu framhaldsskólanna. Ég gerði starfendarannsókn á tímabilinu september 2014 – maí 2015 þar sem meginspurningin var: Hvernig get ég hjálpað nemendum að vinna að jafnrétti í félagslífi þeirra? Sjónum var sérstaklega beint að því hvernig bæri að skipuleggja jafnréttisstarfið, hvernig tækist að virkja nemendur svo og líðan minni í hlutverki leiðtogans. Gildi ýmissa ytri þátta skýrðust, þannig að ég lærði hvernig mætti nýta hlutverk, tíma, fundi, fræðslu og áætlanagerð í markvissu jafnréttisstarfi. Ég fann jafnvægi í því hversu stýrandi ég vildi vera og lærði að takast á við togstreitu. Með því að leggja mig fram um að nálgast nemendur á jafningjagrundvelli, ýta undir samræður og setja ákvörðunarvaldið í þeirra hendur tel ég að mér takist að halda í gildi mín um lýðræðislega nálgun. Hlutverk jafnréttisfulltrúans sem leiðtoga er jafnframt mikilvægt á meðan nemendur sýna ekki frumkvæði og sjálfstæði í jafnréttisstarfi. Forystuhlutverkinu fylgja áskoranir, m.a. í tengslum við hæfni og tilfinningar. Ég tel að með sjálfstyrkingu og samstarfi við aðra jafnréttisfulltrúa sé hægt að efla áræðni og úthald í jafnréttisstarfinu.

## Málstofa 1 – stofa M201

### Gerum þetta saman – Starf samráðsvettvangs jafnréttisfulltrúa íslenskra háskóla

Laufey Haraldsdóttir ([laufey@holar.is](mailto:laufey@holar.is)), Rósa Margrét Húnadóttir ([rosahuna@unak.is](mailto:rosahuna@unak.is)), Arnar Gíslason ([arnarg@hi.is](mailto:arnarg@hi.is)) og Sara Stef.Hildar ([sarastef@ru.is](mailto:sarastef@ru.is)), jafnréttisfulltrúar

Á haustmánuðum 2015 var stofnaður samstarfsvettvangur jafnréttisfulltrúa íslenskra háskóla, í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Samstarfsvettvanginn skipa einn til tveir fulltrúar frá hverjum háskóla, jafnréttisfulltrúar og fólk úr jafnréttisnefndum háskólanna. Markmið samstarfsvettvangsins er að

vinna að því að efla samstarf allra íslensku háskólanna á sviði jafnréttismála og að efla vitund um jafnréttismál í háskólasamfélaginu. Jafnframt að styðja skólana í því að skilgreina megináherslur í jafnréttismálum í heildarstefnu sinni. Jafnréttisáætlun felur í sér nánari útfærslu þar sem skilgreindar eru aðgerðir til að ná markmiðum skólans í málafloknum. Mikilvægt er að í hverjum skóla sé hugað að því hvernig flétta megi saman þær víddir jafnréttis sem starfað verði með. Almenn er á Íslandi lögð talsverð áhersla á jafnrétti kynjanna, m.a. í samræmi við þær skyldur sem lög nr. 10/2008 setja á herðar hinum ýmsu aðilum. Aðrar víddir, svo sem fötlun, fjölmennung og hinsegin málefni eru einnig mikilvægar og er það áskorun hvers háskóla að skipuleggja jafnréttisstarf sitt m.t.t fjölþættrar mismununar. Auk þess sem nefnt er hér að ofan þjóna Jafnréttisdagar, sem haldnir eru í háskólunum í október á ári hverju, þeim tilgangi að efla almenna vitund um jafnréttismál í háskólasamfélaginu og í samfélaginu almennt. Þá er það baráttumál samráðsvettvangsins að við hvern innlendan háskóla verði starfandi jafnréttisfulltrúi í a.m.k. 20% starfshlutfalli.

## Málstofa 1 – stofa M202

### **Þekking og útfærsla starfandi kennara á stefnu um skóla án aðgreiningar í kennslu**

Andrea Diljá Ólafsdóttir, nemi við Háskólann á Akureyri ([ha060006@unak.is](mailto:ha060006@unak.is)), og Birna María B. Svanbjörnsdóttir, lektor við kennaradeild Háskólans á Akureyri ([birnas@unak.is](mailto:birnas@unak.is))

Skóli án aðgreiningar er opinber menntastefna á Íslandi. Í henni felst að skólakerfinu ber að mæta námslegum þörfum allra nemenda og gæta þannig jafnréttis til náms. Haustið 2016 var fyrri höfundur í vettvangsnámi á sínu síðasta námsári í kennaranámi og áttaði sig á hversu mikil áskorun það er í raun og veru að finna úrræði og haga kennslunni þannig að hún uppfylli þau skilyrði sem til er ætlast. Við það kviknaði áhugi á að kanna hvernig starfandi kennarar takast á við þetta viðfangsefni og fá mynd af því hver þekking þeirra, leikni og hæfni væri í því sambandi. Markmið rannsóknarinnar var að fá innsýn í hver þekking kennara er á stefnunni um skóla án aðgreiningar og hvernig þeir fara að því að mæta mismunandi þörfum nemenda í kennslu sinni og innan skólastofunnar. Tekin voru viðtöl við sex grunnskólakennara í þremur grunnskólum í þéttbýli þar að lútandi auk þess sem námskrár og áætlanir í grunnskólum viðmælenda voru greindar. Í málstofunni verður sagt frá helstu niðurstöðum rannsóknarinnar og kallað eftir umræðum um þær.

## Málstofa 1 – stofa M203

### **Karlar í leikskólanum. Er þeir núna fleiri?**

Anna Elísa Hreiðarsdóttir, lektor við kennaradeild Háskólans á Akureyri ([annaelisa@unak.is](mailto:annaelisa@unak.is))

Rannsóknir sýna að það geta fylgt því áskoranir að velja sér nám og starfsvettvang sem eignaður er hinu kyninu, ekki síst ef karl sækir á vettvang sem sterklega er tengdur við konur. Sem dæmi má nefna að karlhjúkrunarfræðingar og karlleikskólakennarar eru tiltölulega fáir hér á landi og það er umhugsunarefni hve þeim hefur fjölgað hægt, sérstaklega í ljósi þess hve langt Íslendingar hafa náð í jafnréttismálum.

Árið 2006 gerði höfundur rannsókn þar sem viðfangsefnið var karlar í leikskóla. Þá var staða málefnisins kortlögð út frá þremur sjónarhornum; rýnt var í fjölda karla í leikskólum víða um heim, skoðuð voru átaksverkefni sem miðuðu að því að fjölga körlum í leikskólum og að lokum var kafað í fræðilega

þekkingu á sviðinu. Síðan þetta var eru liðin tíu ár og viðfangsefnið í erindinu er að bera saman stöðuna núna í samhengi við niðurstöðurnar 2006 út frá spurningunni hvað hefur áunnist á þessum tíu árum. Sömu þemu eru höfð til viðmiðunar; fjölgun karla í leikskólum, átaksverkefni og hver staðan í fræðunum. Niðurstöður sýna að þó greina megi einhverjar breytingar þá eru þær ekki allar jákvæðar og að einhverju marki má greina sömu þröskulda og þversagnir og sjá mátti áður.

## Málstofa 1 – stofa N102

### **„Og svo var ég með kennara sem greip aldrei inn í, svo ég upplifði mig alveg rosalega eina á báti“: Sálrænar afleiðingar af margþættri mismunun fyrir fatlaðar konur á Íslandi**

Freyja Haraldsdóttir, sérfræðingur hjá Tabú ([freyja@tabu.is](mailto:freyja@tabu.is))

Fatlaðar konur um allan heim hafa orðið fyrir margþættri mismunun á grundvelli kyngevris, fötlunar, aldurs, stéttar, kynþáttar, kynhneigðar og kynvitundar frá upphafi. Það hefur komið í veg fyrir jöfn tækifæri þeirra og dregið úr líkamlegri og andlegri vellíðan. Um þetta fjallar meistaraaritgerð Freyju Haraldsdóttur í kynjafræði við Háskóla Íslands, í samstarfi við Manchester Metropolitan University, en hún hefur rannsakað reynslu fatlaðra kvenna á Íslandi af margþættri mismunun. Þar skoðar hún sálrænan afleiðingar slíkrar mismununar og hvernig konurnar andæfa því misrétti sem þær verða fyrir og sjá fyrir sér samfélagsumbætur. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að fatlaðar konur upplifa margþætta mismunun í ólíkum rýmum samfélagsins sem oft sé bæði dulin og meiðandi. Sálrænu afleiðingarnar eru flóknar og mótsagnakenndar og birtast í gegnum þreytu, sorg, kvíða og ótta, reiði, tilfinningar um valdleysi, að vera öðrum háðar, hlutgervingu og afmennskun. Í þessu erindi mun Freyja varpa ljósi á niðurstöður rannsóknarinnar sem beinast að reynslu fatlaðra kvenna af margþættri mismunun í skólakerfinu. Hún mun fjalla um hvaða afleiðingar það hefur fyrir andlega líðan og geðheilsu fatlaðra kvenna og hvernig þær vilja sjá breytingar á skólakerfinu, og viðmóti innan þess, svo þær hafi jöfn tækifæri til menntunar og um leið fullrar þátttöku í samfélaginu.

## Málstofa 2 – stofa L101

### **Raddir nemenda og samræðuaðferðir Smíðja**

Sólveig Zophoníasdóttir, sérfræðingur við Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri ([sz@unak.is](mailto:sz@unak.is))

Ef við erum sammála um mikilvægi þess að hlustað sé á fjölbreyttar raddir einstaklinga vegna þess að með þeim berast hugmyndir, reynsla og viðhorf sem skipta máli og geta stuðla að jafnrétti og réttlæti í samfélaginu. Þá ætti skólastarf að tryggja að börn og ungt fólk fái næg tækifæri til þess að æfa sig í að láta raddir sínar heyrast. Það eru lagaleg, siðferðileg og hagnýt rök fyrir virkri þátttöku ungs fólks í málum sem snerta hagsmuni þeirra. Þegar horft er til mikilvægi þess að raddir fólks heyrist má velta því fyrir sér hvernig hlustað er eftir röddum nemenda og hvaða kennsluaðferðir hægt er að nota til þess að stuðla að því að raddir þeirra heyrist. Í erindinu verður fjallað um raddir nemenda í fræðilegu samhengi og gildi samræðuaðferða í skólastarfi sem hafa það að markmiði að efla gagnrýna og skapandi hugsun, hugrekki til að tjá sig og eiga skoðanaskipti á heilbrigðan, gefandi og uppbyggilegan hátt undir leiðsögn kennara. Börn

geta verið býsna glögg að koma auga á hvar pottur er brotinn í jafnréttismálum og skólinn kjörinn vettvangur til að vekja spurningar um jafnrétti og reyna að svara þeim. Í smiðjunni verður þátttakendum boðið upp á að taka þátt í samræðuæfingu.

Smiðjan heldur áfram til loka málstofu 3

## Málstofa 2 – stofa L103

### Tækifæri og áskoranir til að auka kynjajafnrétti Smiðja

Bergljót Prastardóttir ([bergljot@jafnretti.is](mailto:bergljot@jafnretti.is)) sérfræðingur við Jafnréttisstofu,  
Arnfríður Aðalsteinsdóttir ([arnfridur@jafnretti.is](mailto:arnfridur@jafnretti.is)), og Jón Birkir Bergþórsson ([jonbirkir@jafnretti.is](mailto:jonbirkir@jafnretti.is)),  
verkefnastjóri Jafnréttisstofu og nemandi við HA í kennslufræðum

Í málstofunni verður fjallað um skyldur skóla á öllum skólastigum að vinna eftir aðgerðabundnum jafnréttisáætlunum. Markmið jafnréttisáætlana er að stuðla að jafnrétti kynja hvort heldur í starfsmanna- eða nemendahópnum. En hvernig gengur að fylgja jafnréttisáætlunum eftir? Til að leita svara við spurningunni verða nýlegar niðurstöður um stöðu mála innan grunnskólanna kynntar.

Í síðari hluta málstofunnar verður sagt frá verkefninu Rjúfum hefðirnar – förum nýjar leiðir. Markmið verkefnisins er að vinna gegn neikvæðum staðalmyndum um hlutverk kvenna og karla, sbr. 4. gr. jafnréttislaga. Megináherslur verkefnisins eru að: a) Stuðla að jafnrétti kynjanna í menntun, starfsþjálfun og ráðgjöf. b) Brjóta upp kynbundnar staðalmyndir í náms- og starfsvali. c) Vekja áhuga kvenna á hefðbundnum karlastörfum. d) Vekja áhuga karla á hefðbundnum kvennastörfum. Kynnt verða myndbönd og verkefni sem eru í vinnslu í tengslum við verkefnið.

Smiðjan heldur áfram til loka málstofu 3

## Málstofa 2 – L201

### Velferð og jafnrétti í íslenskum grunnskólum er á heims mælikvarða

Almar Miðvík Halldórsson, sérfræðingur við Menntamálastofnun ([almar.m.halldorsson@mms.is](mailto:almar.m.halldorsson@mms.is))

Í alþjóðlegum samanburði er velferð grunnskólanemenda hérlendis vel gætt. Ef marka má niðurstöður alþjóðlegra langtímarannsókna virðist hvergi í heiminum betra að alast upp en á Íslandi, í einu öflugasta menntakerfi heims þegar kemur að jafnrétti og sanngirni í tækifærum til náms. Í erindinu eru sameinaðar niðurstöður úr þremur alþjóðlegum samanburðar-könnunum, ESPAD, HBSC og PISA. Þær draga upp gríðarlega jákvæða mynd af stöðu ungmenna á Íslandi þegar kemur að öryggi, heilsu, vellíðan, ánægju, viðhorfum og virkni. Þar að auki er hvergi meðal OECD ríkjanna meiri jöfnuður í námsárangri. Hérlendis tengist hann lítið búsetu eða stétt. Staðan hefur ekki alltaf verið svona góð. Undanfarnin ár hefur velferð ungmenna aukist mikið, til dæmis m.t.t. reykinga og neyslu áfengis og eiturlyfja. Í mörgum löndum hefur slík áhættuhegðun aukist og í samanburði vísar jákvæð þróun hérlendis til árangursríks forvarnarstarfs og stuðnings í nánasta umhverfi barna og unglinga

## Málstofa 2 – stofa L203

### Sjálfsmatskvarði um jafnrétti í framhaldsskólum

Jóna Svandís Þorvaldsdóttir ([jona@fmos.is](mailto:jona@fmos.is)), Vibeke Svala Kristinsdóttir ([svala@fmos.is](mailto:svala@fmos.is)) og Björk Ingadóttir ([bjork@fmos.is](mailto:bjork@fmos.is)) kennarar við Framhaldsskólann í Mosfellsbæ

Í erindinu verður kynnt þróunarverkefni sem kennarar í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ hafa unnið að síðastliðna mánuði. Þeir hafa þróað sjálfsmatskerfi til að leggja mat á og efla jafnréttisvitund í framhaldsskólum. Kerfið er þróað að fyrirmynd HEF - Heilsueflandi framhaldsskóla. Um er að ræða tvo kvarða; sjálfsmatskvarða skóla sem framhaldsskólar geta notað til þess að meta stöðu jafnréttismála í víðum skilningi og sjálfsmatskvarða kennara sem kennarar geta notað til að meta stöðuna í sínum áföngum. Um leið og það gefur innsýn í stöðu jafnréttismála í skólanum hefur fyrirkomulagið hvetjandi áhrif til að halda á lofti grunnþættinum jafnrétti. Ferli verkefnisins er á þá leið að öllum starfsmönnum skóla er kynnt verkefnið, gefið tækifæri á að skoða eigið viðhorf til jafnréttishugtaksins, og jafnréttisteymi sem fundar reglulega metur svo skólastarfið í heildina með sjálfsmatskvarðanum.

## Málstofa 2 – stofa M201

### Jafnréttisdagur Garðaskóla

Kristján Hrafn Guðmundsson, kennari við Garðaskóla ([kristjang@gardaskoli.is](mailto:kristjang@gardaskoli.is))

Jafnréttisdagur var haldinn í fyrsta sinn í Garðaskóla í Garðabæ í apríl 2016. Þar fengu nemendur skólans, sem eru á aldrinum 13–16 ára, líflega fræðslu og tóku þátt í umræðum um jafnrétti á víðum grundvelli. Fulltrúar ýmissa félagasamtaka og verkefna sögðu frá starfi sínu og baráttu, þ.á m. UN Women, Amnesty International, HeForShe, Samtökin '78 og tvær ungar konur sem sögðu frá lífi sínu í samfélagi sem skilgreinir þær sem fatlaðar. Nemendur gátu valið sér málstofur til að fara á auk þess sem hægt var að taka þátt í gerð jafnréttistímalínu, leggja sitt af mörkum í svokallaðri afurðastofu og keppa í „pubquiz“ um jafnrétti. Í erindinu verður sagt frá jafnréttisdeginum í Garðaskóla.

## Málstofa 2

### Skóli án aðgreiningar - stofa M202

#### Smiðja

**„...hver ákvað það að strákur þýðir bara strákur en ekki til dæmis bara hurðarhúnn...“ Leikur barna sem mikilvægur þáttur í jafnréttismenntun og samskiptafærni**

Jórunn Elíadóttir, dósent við Kennaradeild Háskólans á Akureyri ([je@unak.is](mailto:je@unak.is))

Markmið jafnréttismenntunar að skapa jöfn tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi þar sem skilningur, friður, umburðarlyndi, víðsýni og



jafnrétti eru höfð að leiðarljósi, eins og kemur m.a. fram í kynningu ráðstefnunnar. Spurningin er hins vegar, hvernig förum við að þessu? Í erindinu verður fjallað um ung börn og tilveru þeirra í dag með áherslu á leik barna og gildi hans fyrir þroska þeirra. Námsaðferðir leikskólubarna skipta miklu máli en í frumbersku og á leikskólaárunum er grunnurinn lagður að námi og samskiptafærni barna. Velt verður upp spurningum um hvaða áhrif hin aukna áhersla á skipulagt nám og skjátæki gæti haft á framtíð barna í dag og hvort þessar leiðir skapi jöfn tækifæri fyrir alla til að þorskast á eigin forsendum.

## Skóli fyrir alla, hér heima og í öðrum löndum

Jenný Gunnbjörnsdóttir, aðjúnkt við kennaradeild HA ([jennyg@unak.is](mailto:jennyg@unak.is)), og Kristín Jóhannesdóttir skólastjóri Oddeyrarskóla ([kristinj@akmennt.is](mailto:kristinj@akmennt.is))

Á málstofunni verður sagt frá lærdómi sem draga má af tveimur fjölþjóðlegum verkefnum sem snúa að skóla fyrir alla og flytjendur erindis eru þátttakendur í. Annars vegar er um að ræða verkefni á vegum Evrópumíðstöðvar um sérþarfir og skóla fyrir alla, Raising Achievement for All Learners (RA4AL), en í því verkefni taka 29 Evrópuþjóðir þátt, og hins vegar verkefnið Nordic Network about inclusive capability and raised achievement of all pupils, en þar er um að ræða samstarf Norðurlandþjóða sem sprottið er af rótum Evrópuverkefnisins. Markmið beggja verkefna er að auka þekkingu á starfsháttum sem stuðla að vaxandi færni skólasamfélaga til að koma til móts við námslegar og félagslegar þarfir allra nemenda. Unnið er út frá þeirri sýn að skóli fyrir alla sé virkt ferli þar sem sífellt er leitast við að auka tækifæri allra nemenda til að taka virkan þátt, vera hluti af samfélaginu og ná góðum árangri. Af báðum verkefnum má draga ýmsan lærdóm t.d. hvað varðar mikilvægi faglegrar forystu við skipulag skólustarfs, samvinnu milli aðila skólasamfélagsins og viðhorf til náms og kennslu. Þrátt fyrir að ýmislegt sé ólíkt milli landa þá má greina svipaðar áskoranir og víða eru tækifæri til að læra af því sem vel gengur.

## Jafnrétti til náms í skóla án aðgreiningar? Rannsóknarhugmyndir/áætlun

Birna María B. Svanbjörnsdóttir, lektor við kennaradeild Háskólans á Akureyri ([birnas@unak.is](mailto:birnas@unak.is))

Stefna um skóla án aðgreiningar er opinber menntastefna á Íslandi. Henni er ætlað að stuðla að því að öll börn hafi sama rétt til náms og ber skólum að sinna því hlutverki án þess að til aðgreiningar komi. Stefnan er vandmeðfarin, bæði hugmyndafræðilega og í framkvæmd. Hún snýst um gildi, grundvöll og viðhorf bæði kennara og skólastjórnenda og útfærslan er samofin fagmennsku þeirra og væntingum samfélagsins. Íslenskar rannsóknir benda til þess að ekki ríki einhugur um stefnuna meðal kennara og hægt virðist miða í að hún einkenni starf íslenskra grunnskóla eins og að er stefnt. Til að stefnan sanni gildi sitt og stuðli að því jafnrétti til náms sem henni er ætlað er nauðsynlegt að að reyna að skilja og túlka hvaða merkingu hún hefur í skólastarfinu, hvernig hún er útfærð og hvernig styðja megi við og efla samverkandi þætti milli skólustarfs og samfélags. Til að fylla í það gap þekkingar sem vantar til að öðlast þennan skilning eru aðilar í Háskólanum á Akureyri í samstarfi við Hollendinga, Finna, Dani og Norðmenn að undirbúa umsókn um þriggja ára rannsóknarstyrk til NORDFORSK. Í málstofunni verður greint frá áhersluþáttum fyrirhugaðrar rannsóknar og þætti íslenska hópsins í þeirri vinnu.

Smiðjan heldur áfram til loka málstofu 3

## Málstofa 2 – stofa M203

### Karlar í kennslu yngri barna - átaksverkefni

Arna H. Jónsdóttir, lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands ([arnahj@hi.is](mailto:arnahj@hi.is)), og Anna Elísa Hreiðarsdóttir, lektor við kennaradeild Háskólans á Akureyri ([annaelisa@unak.is](mailto:annaelisa@unak.is))

Á undanförunum árum hefur kynjajafnrétti á Íslandi mælst hið mesta í heiminum (Hausmann, Bekhouche og Zahidi, 2014) og þó að fréttir af þessu tagi séu gleðiefni þá þýða þær ekki að jafnrétti hafi náðst. Það má m.a. greina á því að þrátt fyrir að karlar séu eftirsóttir í kennslu yngri barna og það séu engar augljósar hindranir í vegi fyrir að þeir sækist eftir starfi á þessu sviði þá eru þeir fáir og þeim fjölgar hægt. Koch og Farquhar (2015) segja að greina megi sex megin hindranir fyrir því að karlar velji leikskólann sem starfsvettvang. Ein hindrunin felist í tiltekinni tregðu þeirra er valdið hafa til að taka af skarið, ákveða leiðir og setja tímamörk.

Hér á landi hefur verið unnið markvisst að því að fjölga körlum í kennslu yngri barna þar sem horft hefur verið sérstaklega til leikskólans. Starfandi er stýrihópur sem samanstendur af fulltrúum frá Háskólanum á Akureyri og Háskóla Íslands, Félagi leikskólakennara, Félagi stjórnenda leikskóla og Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem fékk styrk úr Jafnréttissjóði Íslands árið 2016 til að efla enn frekar það starf. Í erindinu verður greint frá áttakinu sem hópurinn hefur skipulagt en árangur af því mun ekki liggja fyrir fyrir en síðar.

## Málstofa 2. – stofa N102

### Hvernig birtast grunnþættirnir jafnrétti, lýðræði og mannréttindi í aðalnámskrá framhaldsskóla, þ.e. í opinberri orðræðu uppeldis og kennslu

Hildigunnur Gunnarsdóttir, kennari við Kvennaskólann í Reykjavík ([hildigunnurg@kvenno.is](mailto:hildigunnurg@kvenno.is)), og Þuríður Jóhannsdóttir, dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands ([thuridur@hi.is](mailto:thuridur@hi.is))

Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á grunnþættina jafnrétti, lýðræði og mannréttindi í aðalnámskrá framhaldsskóla. Greind eru einkenni orðræðunnar og hvaða breytingar boðaðar eru á inntaki náms og starfsháttum. Byggt er á kenningum Bernsteins til að greina opinbera orðræðu uppeldis og kennslu í aðalnámskránni og hvernig þar er gert ráð fyrir að grunnþættirnir hafi áhrif á vettvangi skólans. Aðalnámskrá og textar úr útgefnum heftum mennta- og menningarmálaráðuneytisins eru rannsóknargögn. Stuðst er við greiningarramma sem er byggður á aðferð Bernsteins við greiningu á orðræðu uppeldis og kennslu, þ.e. hina stýrandi orðræðu og kennsluorðræðuna sem byggir á henni. Kenningar Bernsteins eru gagnlegar við að greina á milli þátta sem snerta inntak náms og kennslu annars vegar og þætti sem snerta samskipti og starfshætti hins vegar. Niðurstöður gefa til kynna að námsskráin geri ekki ráð fyrir að grunnþáttunum sé ætlað að hafa mikil áhrif á inntak kennslu almennt. Hvað snertir grunnþættina jafnrétti, lýðræði og mannréttindi er gert ráð fyrir að þeir hafi áhrif á inntak náms í samfélagsgreinum og lífsleikni. Hins vegar virðist þessum grunnþáttum ætlað að hafa áhrif á starfshætti og samskipti í öllum greinum og skólastarfinu almennt, þ.e. stýrandi orðræðuna.

## Málstofa 3 – stofa L201

### **Kynjamunur meðal nemenda sem fluttu sig milli svæða við innritun í framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu haustið 2006**

Þorlákur Axel Jónsson, aðjúnkt við kennaradeild Háskólans á Akureyri ([thorlakur@unak.is](mailto:thorlakur@unak.is))

Við innritun í framhaldsskóla haustið 2006 gátu nemendur á höfuðborgarsvæðinu valið í hvaða skóla þeir sóttu um skólavist óháð búsetu í tilteknum sveitarfélögum. Einkunn á samræmdum prófum í lok grunnskólans var þá meginviðmið skóla við val á milli umsækjenda í samræmi við gildandi reglur um innritunina. Þetta fyrirkomulag var frábrugðið því sem gilt hafði um áratug fyrr að því leyti að þá var innritun í einstaka skóla tengd búsetu nemenda á tilteknum svæðum sem yfirvöld menntamála skilgreindu, þar á meðal innan Reykjavíkur. Innritun eins árgangs nemenda í framhaldsskóla haustið 2006 sem fram fór samkvæmt frjálsu vali nemenda var athuguð í ljósi þess hvernig hún birtist gagnvart piltum og stúlkum væri gert ráð fyrir að fyrri takmarkanir væru í gildi. Fram kemur að regluslökunin gerði pilta með hærri þjóðfélagsstöðu og hærri stærðfræðieinkunnir hreyfanlegri við innritunina en ekki kom fram slík breyting varðandi stúlkur. Rætt verður hvort kyn eigi að teljast mikilvæg breyta þegar nýnemar eru skráðir í framhaldsskóla.

## Málstofa 3 – stofa L203

### **Jafnréttisteymi nemenda í framhaldsskóla**

Þórður Kristinsson, kennari og jafnréttisfulltrúi við Kvennaskólann í Reykjavík ([thordurk@kvenno.is](mailto:thordurk@kvenno.is))

Í fjögur ár hefur hópur nemenda við Kvennaskólann í Reykjavík myndað jafnréttisteymi undir handleiðslu jafnréttisfulltrúa skólans. Á þeim fjórum árum hefur teymið breyst mikið í eðli og umfangi og sífellt er leitað leiða til að virkja nemendurnar á skilvirkari máta. Í erindinu ætlar jafnréttisfulltrúi Kvennaskólans að segja frá helstu áskorunum sem hafa komið fram í ferlinu og hvaða leiðir hafa skilað bestum árangri til þess að virkja nemendahópinn.

## Málstofa 3 – stofa M201

### Fræðsla um kynhneigð, kynvitund og kyneinkenni í grunnskólum Hafnarfjarðar

Sólveig Rós, fræðslustýra Samtakanna '78 ([fraedsla@samtokin78.is](mailto:fraedsla@samtokin78.is))

Skólaárið 2016–2017 á merkilegt verkefni sér stað í grunnskólum Hafnarfjarðar í samvinnu milli sveitarfélagsins og Samtakanna '78, félags hinsegin fólks á Íslandi. Samstarfið felst í ítarlegri fræðslu fyrir starfsfólk grunnskólanna og nemendur í 8. bekk um kynhneigð, kynvitund og kyneinkenni. Rannsóknir sýna að hinsegin ungmenni upplifa meiri vanlíðan, þunglyndi, kvíða og sjálf skaða en önnur ungmenni, bæði hér á landi og erlendis. Hvað getur skólakerfið gert til að koma til móts við þennan hóp? Jafnrétti er ein af grunnstoðum menntunar samkvæmt aðalnámskrá og undir jafnrétti fellur m.a. kyn, kynhneigð og kynvitund. En eru kennarar undirbúnir til að taka þessa þætti að fullu inn í sína kennslu? Kennarar og annað starfsfólk grunnskóla Hafnarfjarðar hafa í vetur sótt 6 klst. námskeið um hvernig kynhneigð, kynvitund og kyneinkenni birtast í nemendahópnum, skólastarfinu og samfélaginu. Með því er vonast til þess að starfsfólkið verði betur í stakk búið til þess að samþætta jafnrétti í víðum skilningi inn í sína kennslu og geti stuðlað að því að hinsegin ungmenni sleppi betur í gegnum hið mikilvæga mótunarskeið unglingsáranna. Jafnframt fengu allir nemendur í 8. bekk jafningjafræðslu um sömu málefni í tveimur kennslustundum. Stefnan er að þetta samstarf haldi áfram næstu ár.

## Málstofa 3 – stofa M203

### Jafnrétti í Hjallastefnuskólastarfi

María Ösp Ómarsdóttir ([mariaosp@hjalli.is](mailto:mariaosp@hjalli.is)), Gróa Margrét Finnsdóttir ([groa@hjalli.is](mailto:groa@hjalli.is)), Erna Káradóttir ([erna@hjalli.is](mailto:erna@hjalli.is)) og Hulda Björk Stefánsdóttir ([huldabj@hjalli.is](mailto:huldabj@hjalli.is)), stjórnendur í leikskólum Hjallastefnunnar

Hjallastefnunni er ætlað að mæta hverju barni eins og það er og virða og viðurkenna ólíkar þarfir aldurshópa, kynja og einstaklinga. Skólanum ber einnig að virða valfrelsi og ólíkan áhuga barna og hlúa á víðfeðman hátt að velgengni allra. Jafnrétti er stærsti liðurinn í öllu okkar skólastarfi og grundvöllur fyrir þeirri skólamenningu sem einkennir alla okkar skóla. Ásamt því að vinna eftir Aðalnámskrá leikskóla vinnum við einnig eftir kynjanámskrá Hjallastefnunnar. Kynjanámskráin er útfærsla á hugmyndafræði Hjallastefnunnar, þar sem markmiðið er að tryggja jafnrétti kynjanna, sem og annarra hópa, og veita börnum frelsi frá neikvæðum afleiðingum kynjakerfisins og staðalmynda. Hjá Hjallastefnunni er gengið út frá þeirri kennisetningu að kynin öðlist takmarkaða færni og æfi of fáa eiginleika vegna heftandi hugmynda um kynhlutverk og vegna kynjamótunar sem samfélagið ákvarðar á grundvelli kyns. Kynjanámskráin tryggir að öll börn fái heildstæða þjálfun í mannlegum eiginleikum óháð kyni, en markmiðið er að veita börnum tækifæri til að leika og læra á eigin forsendum án takmarkanna sem kynjakerfið setur. Í málstofunni munum við kynna kynjanámskrána og lotukerfið sem tengir efni hennar við daglegt starf í skólum Hjallastefnunnar, og hvernig sú vinna stuðlar að jafnrétti í skólasamfélaginu öllu.

## Málstofa 3 – stofa N102

### Er hægt að bjóða kynjakerfinu birginn?

Katrín Björg Ríkarðsdóttir, sagn- og menntunarfræðingur ([katrinrikardsdottir@gmail.com](mailto:katrinrikardsdottir@gmail.com))

Kynnt verður M.Ed. rannsókn frá 2011 á reynslu kvenna sem stundað hafa nám sem ekki telst hefðbundið fyrir kyn þeirra. Þátttakendur í rannsókninni voru alls átta. Fjórar konur sem lokið höfðu námi í húsasmíði og fjórar konur sem lokið höfðu námi í tölvunarfræði. Rannsóknin er eigindleg og byggir á femínískri rannsóknarnálgun þar sem stuðst er við aðferðir Vancouver-skólans í fyrirbærafræði. Markmið rannsóknarinnar var að auka skilning á upplifun og reynslu kvennanna m.a. með það í huga að vera innlegg í jafnréttisumræðu í samfélaginu í þeirri von að hægt væri að nýta niðurstöðurnar til að þróa jafnréttisstarf í skólum og atvinnulífi. Niðurstöður rannsóknarinnar eru m.a. þær að konur sem stunda nám í karllægum greinum mæta gjarnan hindrunum en mismiklum þó eftir eðli þess náms sem þær stunda. Þannig urðu húsasmiðirnir sem sinna líkamlegri störfum meira varir við beina fordóma heldur en tölvunarfræðingarnir. Meðal tölvunarfræðinga finnst þó meiri verkaskipting milli kynjanna heldur en húsasmiðirnir upplifðu. Kynjakerfi Walby birtist í reynslu kvennanna en þær eiga þó allar sameiginlegt að hafa ögrað hinu félagslega yfirráðakerfi með námsvali sínu. Niðurstaðan er þó sú að kynjakerfið hafi ögrað þeim til baka með aðskilnaði og undirskipun svo sem verkaskiptingu, efasemdum um hæfni, launamun og áreitni.

**Stofa M102** – vídeóstofan verður opin á milli aðalerinda

**Fögnum fjölbreytileikanum**

Jón Birkir Bergþórsson, verkefnastjóri Jafnréttisstofu tók myndböndin saman

**Ráðstefnunetið**

heitir „guests“ og krefst ekki auðkenningar

Einnig er opið net sem heitir HA og krefst Facebook auðkenningar

Myllumerki (#) ráðstefnunnar er:

**jafnrettivor17**

